

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2015

2016/EES/69/27

frá 11. júní 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/559 frá 9. apríl 2015 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽¹⁾.
- 2) II. og XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 0559**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/559 frá 9. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 95, 10.4.2015, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 0559**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/559 frá 9. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 95, 10.4.2015, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/559, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 10.4.2015, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.